



Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2023

Efni: Umsögn við tillögur að breytingum við 144. mál, skipulagslög.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 7. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um tillögur að breytingum á ofangreindu frumvarpi.

Í umsögn Reykjavíkurborgar dags. 17. október 2022 er lagst gegn tillögum frumvarpsins um raflínunefnd og raflínuskipulag og hefur ný tillaga meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar ekki breytt þeirri afstöðu. Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur ekki sýnt fram á ástæðu þess að þetta fyrirkomulag myndi leysa nokkurn vanda.

Eins og áður segir byggir frumvarpið á niðurstöðum hóps sem skilaði af sér skýrslu árið 2020 en í skýrslunni voru gerðar athugasemdir sem snúa fyrst og fremst að því að ákvarðanaferli séu tímafrelk þar sem matsferli og skipulagsferli séu ekki rekin samhliða. Þegar þetta frumvarp var fyrst flutt á Alþingi lágu drög af frumvarpi á lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana í samráðsgátt stjórnvalda þar sem m.a. var verið að skoða samþættingu þessara tveggja ferla.

Árið 2021 tóku svo í gildi lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Þau lög sameinuðu efni laga nr. 106/2000 um umhverfisáhrif framkvæmda og laga nr. 105/2006 umhverfismat skipulagsáætlana og þannig einfölduðu ferli skipulags og umhverfismats umtalsvert. Má nefna lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana var unnið í samræmi við þær athugasemdir sem komu fram í sömu skýrslu sem þetta frumvarp um raflínur byggir á.

Borgin telur að hin nýju lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 muni taka á töfum og mun líklegra til að skila raunverulegri skilvirkni og styttri málsmeðferðartíma, en að setja á laggirnar sérstaka raflínunefnd sem starfar fyrir utan eðlilegt ferli innan stjórnsýslu sveitarfélaga.

Fyrir utan það augljósa þ.e. að frumvarpið vegur að sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga, má auk þess nefna að með frumvarpinu er verið að auka við tafir á framkvæmd sem gætu orðið til með skipun raflínunefndar en með stofnun hennar flækist stjórnsýslan til muna, t.d. þeir fulltrúar sveitarfélaganna sem yrðu starfandi í nefndinni fyrir sitt sveitarfélag, þyrftu að kanna með sitt bakland, þ.e. sveitarstjórn, hvort þær framkvæmdir sem lagðar eru til í raflínunefndinni fái brautargengi af þeirra hálfu sem gæti tafið ferlið- ekki er að sjá að þessi raflínunefnd muni flýta fyrir samtali á milli sveitarfélaga þegar kemur að undirbúningi og framkvæmd, heldur yrði auka hlekkur í stjórnsýslunni. Hvað þá að þetta yrði lausn til að ná samkomulagi á milli sveitarfélaga eða landeiganda fyrir lagningu raflína.



Útgáfa framkvæmdaleyfis þvert yfir sveitarfélagamörk getur leitt til auka seinkana t.d. ef upp koma kærur vegna útgáfu framkvæmdaleyfa sem myndu þá taka til allrar ákvörðunarinnar/línunnar en ekki bara hluta líkt og nú er.

Mörgum spurningum er ósvarað í þessu frumvarpi –Hvaða úrræði eru fyrir sveitarfélög að synja um að fella inn í aðalskipulag sitt þessar framkvæmdir? og af hverju þarf að færa þetta sérstaka raflínuskipulag inn í svæðis- og aðalskipulag þegar raflínuskipulagið á að vera grunnur fyrir leyfisveitingar fyrir raflínur? Hver stendur fyrir þeim kostaði að aðlaga skipulagsáætlanir að raflínuskiplagi? Sveitarfélagið, ríkið eða framkvæmdaaðili?

Samtöl á milli sveitarfélaga, án aðkomu ríkisins, er besta leiðin til árangurs. Sveitarfélögin hafa alltaf þann möguleika að standa saman að svæðisskipulagi til að koma slíkum framkvæmdum á blað þótt að svæðisskipulag yrði aldrei grundvöllur fyrir leyfisveitingum. Sveitarfélögin hafa þann kost að auglýsa aðalskipulag samhliða og við gerð svæðisskipulags og þannig búa til grunn fyrir leyfisveitingu fyrir raflínum.

Eins og kemur fram hér að framan þá telur Reykjavíkurborg að frumvarpið muni frekar flækja málsmeðferð við lagningu raflína og auka frekari árekstra á milli raflínunefndarinnar og sveitarfélaga. Borgin leggur til að fallið verði alfarið frá þessum hugmyndum um raflínunefnd enda taka lög nr. 111/2021 alfarið á þessum vandamálum sem dregin eru fram í frumvarpinu um raflínuskiplagið.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur